

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Hafnaráss í landi Hafnarsels, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Hafnaráss í landi Hafnarsels, Hvalfjarðarsveit.

Breytingin felst í því að lóðarmörkum á milli lóðanna nr. 3 og 5 er breytt, aðkoma og bílastæði eru færð til.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 28. apríl 2008,

Skúli Lýðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2008